

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 4/2014**

2014/EES/42/04

**frá 14. febrúar 2014**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 763/2013 frá 7. ágúst 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 637/2009 að því er varðar flokkun tiltekinnar plöntutegunda til að meta heppileika nafngifta á yrkjum <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/45/ESB frá 7. ágúst 2013 um breytingu á tilskipunum ráðsins 2002/55/EB og 2008/72/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/145/EB að því er varðar grasafraeðiheiti tómata <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði plantna. Ákvæði löggjafar um heilbrigði plantna skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði III. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (tilskipun ráðsins 2002/55/EB) í 1. hluta:  
„– **32013 L 0045**: Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/45/ESB frá 7. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 213, 8.8.2013, bls. 20).“
2. Eftirfarandi bætist við í 18. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 637/2009) í 2. hluta:  
„eins og henni var breytt með:  
– **32013 R 0763**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 763/2013 frá 7. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 213, 8.8.2013, bls. 16).“
3. Eftirfarandi bætist við í 55. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/145/EB) í 2. hluta:  
„eins og henni var breytt með:  
– **32013 L 0045**: Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/45/ESB frá 7. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 213, 8.8.2013, bls. 20).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 763/2013 og tilskipunar 2013/45/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 213, 8.8.2013, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 213, 8.8.2013, bls. 20.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

formaður.